# Leyfir því að koma sem kemur

**● Dan Van Dango, réttu nafni Karl Gunnar Jónsson, gefur út plötuna Maðurinn sem mæður ykkar mæla með ● „Reyni að hafa smá húmor fyrir lífinu," segir Karl ● Öllu gamni fylgir þó alvara**

Helgi Snær Sigurðsson
helgisnaer@mbl.is

Karl Gunnar Jónsson hefur gefið út breiðskífur á eigin vegum undir nafninu Dan Van Dango sem hann segir hafa birst honum í draumi. Nýjasta plata Dan Van Dango kom út fyrir nokkrum vikum og ber hún titilinn *Maðurinn sem mæður ykkar mæla með*. Á umslaginu sést hraustlegur og kankvís karlmaður ríðandi á íslenskum hesti yfir á í blíðskaparveðri. Er það væntanlega maðurinn sem vísað er til.

Karl starfar hjá vegagerðinni í Noregi og er tónlistin því aukabúgrein. En hver er bakgrunnur hans í tónlist, lærði hann á hljóðfæri? „Já, bróðir minn spilaði á gítar þannig að það var gítar á heimilinu og ég fór að glamra á hann samhliða áhuga á hljómsveitinni AC/DC. Svo var ég í hafnfirskri hljómsveit sem hét Dallas," segir Karl. Spurður að því hvaða tónlist hafi haft hvað mest áhrif á hann í uppvextinum nefnir Karl aftur AC/DC, Happy Mondays og Stone Roses. „Síðan hefur þetta leitt í allar áttir, ég hlusta mjög mikið á alls konar tónlist," bætir hann við.

**Grínið stundum falið**

*Mér sýnist í fljótu bragði, þegar ég skoða plöturnar og það sem stendur á vefsíðunni þinni, að það sé alltaf stutt í grínið?*

„Ég reyni að hafa smá húmor fyrir lífinu, að taka sjálfan mig ekki alltof alvarlega líka eða hátíðlega, það er ágætt," svarar Karl og segir að textarnir við lögin bera því vitni. Grínið er stundum falið og erfitt að greina milli gríns og alvöru, að sögn Karls, enda fylgir öllu gríni nokkur alvara, eins og þekkt er.

Titill plötunnar vísar til ónefnds draumatengdasonar og segir Karl að ljósmyndin á umslaginu sé af vini hans sem sé sjómaður. „Síðan eru mæðurnar oft að mæla með einhverjum öðrum, einhverjum sem er vel settur og annað. Það er smá þversögn í þessu, þær mæla oft með einhverjum sem er kannski ekkert svo spennandi en sjómaðurinn er kannski sá sem konurnar vilja," segir Karl og blaðamaður hváir. Sjómaðurinn? „Já, þetta er svona óður til sjómannsins, ég held það sé að annað eða þriðja lagið á plötunni sem heitir það. Þar er þessi tilvísun í manninn sem mæðurnar mæla með."

**Forðast veggi og grensur**

Karl hefur gefið út fjölda platna hin síðustu ár eða allt frá árinu 2006 þegar hann gaf út



**Frelsi** „Ég reyni að hafa sem minnstar hömlur," segir Dan Van Dango, réttu nafni Karl Gunnar Jónsson.

Ljósmynd/Jenný Guðmundsdóttir

*Kveðjur að handan*. Hann er spurður að því hvað sameini tónlist og texta þessara platna.

„Ég reyni að hafa sem minnstar hömlur, vil helst ekki að vera að búa til grensur og þetta er svolítið blandað. Upphaflega var ég með harmonikkuleikara og í suðuramerískum pælingum en síðan hef ég fjarlægst það og leyft því að koma sem kemur. Ég reyni að hafa ekki einhverja veggi eða grensur," útskýrir Karl. Tónlistin sé allt frá blúsrokki yfir í eitthvað rólegt og greina megi hina ýmsu strauma hvað hana varðar.




En hvernig eru tónleikar með Dan Van Dango, við hverju má fólk búast? „Þeir eru vonandi bara skemmtilegir, engir tveir eins og allt frekar laust í reipunum, við æfum ekkert sérstaklega mikið. Aðalmottóið hjá okkur er að hafa gaman, það er eina skilyrðið að skemmtanagildið sé hátt," svarar Karl en hljómsveitin Hættulegir menn spilar undir hjá Dan Van Dango. Hana skipa Flóki Árnason á trommur, Gísli Árnason á bassa, Kristján Kristmannsson á saxófón og hljóðgervla og Kjartan Orri Ingvason á kassagítar en hann syngur líka bakraddir. Karl segir það reyndar hálfgert slys að hann hafi endað sem söngvari sveitarinnar, það hafi aldrei verið planið. Hann segir Flóka sérstaklega hafa aðstoðað hann mikið, við trommur og hljóðblöndun.

**Reiði, sorg og samúð**

„Ég vona að ég hreyfi við einhverjum og veki upp einhverjar tilfinningar en það er misjafnt eftir lögum hver skilaboðin eru, ef þá einhver," segir Karl. Sem dæmi um ólík yrkisefni sín nefnir hann lagið „Sægreifinn" og segir það áminningu um hörmulegan atburð í Reykjanesbæ sem muni mögulega vekja upp bæði reiði og sorg. Annað lag segir hann fjalla um spilakassa og fíkla og að það muni líklega vekja samúð með spilasjúkum og líka andúð á spilakössum.

Karl nefnir fleiri lög, m.a. „Sævang" sem hann segir óð til sódómu Hafnarfjarðar og einnig segi hann aðeins frá eigin reynslu og atburðum úr sinni neyslusögu. „Svo það má búast við tilfinningarússíbana á tónleikum hjá Dan Van Dango," segir Karl og að sumir verði líklega bara glaðir að heyra gott gítarsóló.

# Passíusálmalestur skreyttur söng

**● 350 ár liðin frá andláti skáldsins**

**Passíusálmarnir verða fluttir í Hallgrímskirkju á föstudaginn langa samkvæmt áratuga venju sem rekja má til fyrsta flutnings Eyvindar Erlendssonar leikara á verkinu í heild sinni 1988. Í ár ber föstudaginn langa upp á 29. mars en flutningurinn hefst kl. 13 og lýkur um kl. 18.30.**

**Segir í tilkynningu að Passíusálmarnir séu „dramatískt, trúarlegt verk, samið af sjaldgæfri leikni og valdi á viðfangsefninu á hátindi skáldferils Hallgríms Péturssonar. Þeir urðu fljótt eitt helsta íhugunar- og huggunarrit íslensku þjóðarinnar og halda ótrúlega vel gildi sínu á því sviði. Þess vegna þyrpast hlustendur ár hvert til þess að hlýða á sálmana í Hallgrímskirkju á föstudaginn langa sem og í öðrum þeim kirkjum sem bjóða upp á flutning verksins."**

**Flytjendur Passíusálmanna í Hallgrímskirkju verða að þessu sinni fimm talsins en það eru þau Einar Örn Thorlacius, sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Margrét Eggertsdóttir, Svanhildur Óskarsdóttir og Steinunn Jóhannesdóttir, sem einnig hefur umsjón með**



Ljósmynd/Hilmar Þorsteinn

**Flytjendurnir** Irma Sjöfn, Margrét, Einar Örn, Svanhildur og Steinunn.

**flutningnum. Í ár eru 350 ár liðin frá andláti Hallgríms Péturssonar en af því tilefni er ýmislegt á dagskrá í Hallgrímskirkju og víðar til þess að heiðra minningu skáldsins.**

**Passíusálmalesturinn verður því að þessu sinni skreyttur söng milli þátta verksins, m.a. í útsetningum Smára Ólasonar tónlistarfræðings. Stjórnendur verða þeir Björn Steinar Sólbergsson, organisti kirkjunnar, og Steinar Logi Helgason kórstjóri.**

